

Reglur um úthlutun umhverfisstyrkja 2020

1. Sækja skal um styrk til sveitarstjórnar sem samþykkir/eða synjar umsókn. Í umsókn komi fram lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, áætlaður framkvæmdatími og kostnaðaráætlun, auk upplýsinga um bankareikning og kennitölu umsækjanda.
2. Úthlutað er vegna framkvæmda er varða bætt umhverfi, ástand og/eða útlit býla
3. Aðeins er úthlutað til eigenda/umráðamanna lögbýla í Fljótsdalshreppi
4. Ekki er úthlutað til lögbýla án heimilisfestu. Heimilisfestan þarf að hafa verið skráð samfleytt á viðkomandi lögbýli, að lámarki 12 undangengna mánuði, þegar umsókn er tekin fyrir og heimilisfestan þarf einnig að vera til staðar þegar kemur að útgreiðslu styrksins.
5. Styrkir árið 2020 eru eftirfarandi:

Kr. 1.000.000,- og þá miðað við að framlag vegna útlagðs kostnaðar umsækjanda (aðkeypt efni og vinna, gegn framvísun afrita af reikningum án vsk) nemi kr 250.000,- og eigin vinna 750.000,-.

Kr. 2.000.000,- og þá miðað við að framlag vegna útlagðs kostnaðar nemi kr. 500.000,- og eigin vinna kr. 1.500.000,-

Kr. 3.000.000,- og þá miðað við að framlag vegna útlagðs kostnaðar nemi kr 1.000.000,- og eigin vinna kr. 2.000.000,-

Umsækjandi skal í umsókn tiltaka hvaða styrkupp hæð er sótt um

6. Úthlutaður styrkur á hvert lögbýli árið 2020 getur þannig að hámarki verið kr. 3.000.000,-.
7. Oddviti greiðir styrki út þegar framkvæmd er lokið, úttekt hefur farið fram og lagðir hafa verið fram reikningar sem sýna útlagðan kostnað.
Ef framkvæmd er ekki lokið og úttekt hefur farið fram innan 2ja ára frá dagsetningu styrkumsóknar, fellur samþykki fyrir styrkúthlutun niður.

Samþykktar reglur á fundi sveitarstjórnar 12.12 2019